



Fjölbrautaskóli Suðurlands

MYNL1SY05

Kennsluáætlun – Vorönn 2021

Kennarar áfangans:

Elísabet Helga Harðardóttir (EH), elisah@fsu.is

Áfangalýsing:

Í áfanganum kynnst nemendur ísómetríu, eins og jafnvel tveggja punkta fjarvídd og vinna myndir með þeirri tækni ýmist skyggðar blýantsmyndir eða málaðar með þekjulitum. Nemendur kynnst blindteikningu og vinna þannig andlitsmyndir í blýant og með vatnslitum. Nemendur kynnst einnig nokkrum aðferðum við leirmótun og móta sína eigin hluti.

Markmið áfangans:

Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- ísómetríu.
- eins punkta fjarvídd.
- tveggja punkta fjarvídd.
- hvernig mögulegt er að vinna með þessi hugtök í blýantsskyggingum og þekjulitum.
- blindteikningu.
- einni eða fleiri aðferðum til leirmótunar.

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nýta sér ísómetríu í sinni myndgerð.
- nýta sér eins og jafnvel tveggja punkta fjarvídd í blýants og þekjulitamynd.
- vinna með þessi hugtök í blýantsskyggingum og þekjulitum.
- að nýta sér blindteikningu í eigin mynd.
- móta einföld leirverk út frá ýmsum aðferðum.

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að

- teikna einfaldar myndir í ísómetríu
- teikna einfaldar myndir út frá eins og tveggja punkta fjarvídd og vinna þær áfram í blýant og lit
- teikna andlit með blindteikningu
- móta einfalda leirhluti með ýmsum aðferðum

Kennslubækur og kennslugögn

- Fyrirlestrar, innlögn, glæsur, internetið, sýnikennsla og verkleg kennsla en engar hefðbundnar kennslubækur.

Kröfur og verkefnaskil

- Nemendur útbúa möppur strax í byrjun annar fyrir verk sín.
- Nemendur fá teiknipappír og blýanta, yddarar og strokleður eru til afnota í stofunni.
- Áfanginn er próflaus, símatsáfangi. Hver verkhluti hefur sitt vægi þar sem ekki einungis endanlegt verk liggur til grundvallar heldur líka vegferðin öll s.s. áhugi, vinnusemi, tilraunir, framfarir og mæting.

Efnisgjald

- Efnisgjald í áfanganum er 7000 kr og skal það borgað á skrifstofu sem allra fyrst.

Kennsluáætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.